



Jafnréttisstofa

---

Skýrsla Jafnréttisstofu um  
nefndir og ráð á vegum  
sveitarfélaganna 2018

---

Október 2019

---

## *Efnisyfirlit*

Inngangur .....	3
Niðurstöður í stuttu máli .....	3
Epli og appelsínur .....	4
Hlutfall í nefndum – allt landið:.....	4
Vesturland .....	5
Vestfirðir.....	5
Norðurland vestra .....	6
Norðurland eystra .....	6
Austfirðir .....	7
Suðurland .....	7
Suðurnes.....	8
Höfuðborgarsvæði.....	8
Niðurstöður: .....	9

## Inngangur

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttis laga og kallaði eftir upplýsingum frá sveitarfélögum í september 2018, um skipan þeirra í nefndir og ráð í kjölfar sveitarstjórnarkosninga um vorið. Alls svöruðu 60 sveitarfélög af 72, eða 83%.

Helstu niðurstöður eru að skipting kynja í nefndir og ráð auk formennsku, skiptist næstum jafnt milli kynja þegar heildartölur eru skoðaðar. Kynjahalli er þó víða, bæði milli sveitarfélaga og innan þeirra. Þó meðaltöl komi vel út, er enn að finna einkynja nefndir. Tilhneiging er að konur séu fleiri í nefndum með velferðarmál og karlar í nefndum með skipulags og byggingarmál.

Hér eru ekki teknar með sveitarstjórnir sjálfar heldur einingis þær nefndir og ráð sem kjörnir fulltrúar skipa í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.

15. gr. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

- Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.
- Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. máls. Þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.
- Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

## Niðurstöður í stuttu máli

Hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum, auk formennsku er mjög gott, því næst jafnt. Konur 51% og karlar 49% fulltrúa og formanna.

Athygli vekur að talsverður kynjahalli er hjá tveimur stærstu sveitarfélögum landsins. Konur eru í miklum meirihluta hjá Reykjavíkurborg en karlar í meirihluta hjá Kópavogsbæ.

Ekki er hægt að segja að fylgni sé á kynjahalla og stærð eða staðsetningu sveitarfélaga. Kynjahalla er heldur ekki hægt að skýra með ójöfnu kynjahlutfalli kjörinna fulltrúa.

## ***Epli og appelsínur***

Sveitarfélög eru ólík að stærð og gerð, bæði hvað varðar íbúafjölda og landsvæði. Verkefni eru misjöfn og ólík eftir stærð og staðarháttum, þó þau beri sömu skyldur. Sum þeirra hafa margar fjallskilaneindir, önnur engar, nokkur starfa saman að verkefnum svo sem sorphirðu, samgöngum og skólarekstri en önnur sjá um allt sitt. Þannig eiga sveitarfélög fulltrúa í nefndum þó formennska sé hjá öðru sveitarfélagi. Því geta verið mun færri nefndarformenn en nefndarfjöldi segir til um. Það er ekki auðvelt að bera sveitarfélögin saman eftir stærð þeirra eða öðrum skilgreiningum því innra skipulag þeirra er ólíkt, svo sem fjöldi nefnda og heiti þeirra. Það er viss hætt á að borin væru saman epli og appelsínur. Í tölfræði sem hér fylgir var fjallskilaneindum og kjörnefndum sleppt þar sem val í slíkar nefndir og verkefni þeirra eru oft með öðrum hætti en annarra nefnda.

Í þessari samantekt er fylgt skiptingu eftir landsvæðum af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá: <https://www.samband.is/sveitarfelogin/> (sótt í september 2019)

## ***Hlutfall í nefndum – allt landið:***

Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í þeim sveitarfélögum sem svöruðu, kemur í ljós að eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2018 var hlutur kvenna 51% og hlutur karla 49%. Sama hlutfall er meðal varafulltrúa og einnig formennska í nefndum og ráðum.

Meðaltalið er þó ólíkt milli sveitarfélaga og mikilvægt að skoða hvert þeirra fyrir sig.

Allt landið	Aðalfulltrúar		Varafulltrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
<b>Hlutfall</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>

Meðaltal segir ekki alla söguna, því hjá sumum sveitarfélögum er talsverður kynjahalli. Það hallar á konur eða karla, sitt á hvað. Ekki er hægt að segja að fylgni sé á kynjahalla og stærð eða staðsetningu sveitarfélaga.

Förum í hringferð:

## Vesturland

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafultrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Akranes	44%	56%	50%	50%	40%	60%
Skorradalshreppur						
Hvalfjarðarsveit	45%	55%	42%	58%	71%	29%
Borgarbyggð	50%	50%	28%	72%	25%	75%
Grundarfjörður	32%	68%	47%	53%	20%	80%
Helgafellssveit	50%	50%	67%	33%	0%	100%
Stykkishólmur						
Eyja- og Miklaholtshreppur						
Snæfellsbær	49%	51%	45%	55%	42%	58%
Dalabyggð	48%	52%	52%	48%	57%	43%
<b>Hlutfall</b>	<b>45%</b>	<b>55%</b>	<b>47%</b>	<b>53%</b>	<b>36%</b>	<b>64%</b>

Á Vesturlandi eru 10% fleiri konur í nefndum og ráðum, en karlar. Hallinn er enn meiri í nefndarformennsku, en minnt er á að fjallskilaneindir eru hér ekki með og þar eru formenn oft karlar.

## Vestfirðir

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafultrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Bolungarvík	42%	58%	46%	54%	67%	33%
Ísafjörður						
Reykhólahreppur	44%	56%	44%	56%	33%	67%
Tálknafjörður	45%	55%	55%	45%	50%	50%
Vesturbyggð	38%	62%	42%	58%	17%	83%
Súðavíkurhreppur	52%	48%	60%	40%	60%	40%
Árneshreppur						
Kaldraneshreppur	56%	44%	45%	55%	33%	67%
Bæjarhreppur						
Strandabyggð	41%	59%	50%	50%	50%	50%
<b>Hlutfall</b>	<b>45%</b>	<b>55%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>

Á Vestfirðum eru 10% fleiri konur í nefndum og ráðum, en karlar. Svipað hlutfall einnig í nefndarformennsku. Talsverður munur milli sveitarfélaga með á hvort kynið hallar.

## Norðurland vestra

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafulltrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Skagafjörður	56%	44%	28%	72%	43%	57%
Húnaþing vestra	57%	43%	48%	52%	60%	40%
Blönduós	50%	50%	71%	29%	33%	67%
Skagaströnd						
Skagabyggð	56%	44%	83%	17%	67%	33%
Húnavatnshreppur	35%	65%	65%	35%	75%	25%
Akrahreppur	44%	56%	33%	67%		
<b>Hlutfall</b>	<b>50%</b>	<b>50%</b>	<b>55%</b>	<b>45%</b>	<b>56%</b>	<b>44%</b>

Á Norðurlandi vestra er hlutfall aðalfulltrúa í nefndum jafnt, en fleiri karlar gegna formennsku. Hér er kynjahalli sitt á hvað.

## Norðurland eystra

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafulltrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Akureyri	46%	54%	51%	49%	43%	57%
Norðurþing	53%	47%	59%	41%	33%	67%
Fjallabyggð	46%	54%	46%	54%	50%	50%
Dalvíkurbyggð	49%	51%	39%	61%	67%	33%
Eyjafjarðarsveit	54%	46%	53%	47%	56%	44%
Hörgársveit	44%	56%	56%	44%	50%	50%
Svalbarðsstrandarhreppur	54%	46%	60%	40%	20%	80%
Grýtubakkahreppur	37%	63%	46%	54%		
Skútustaðahreppur	46%	54%			33%	67%
Tjörneshreppur	33%	67%				
Þingeyjarsveit						
Svalbarðshreppur						
Langanesbyggð						
<b>Hlutfall</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>

Á Norðurlandi eystra er kynjahlutfallið best hjá Dalvík meðal aðalfulltrúa í nefndum en nær ekki til nefndarformennsku. Tjörneshreppur hefur einungis eina nefnd á bakvið þessar tölur.

## Austfirðir

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafultrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Borgarfjarðarhreppur	44%	56%	56%	44%	67%	33%
Djúpavogshreppur	57%	43%	48%	52%	80%	20%
Fjarðabyggð	55%	45%	49%	51%	63%	38%
Fljótsdalshérað	48%	52%	38%	62%	29%	71%
Fljótsdalshreppur	67%	33%	67%	33%	67%	33%
Seyðisfjörður	42%	58%	42%	58%	25%	75%
Vopnafjarðarhreppur	59%	41%	64%	36%	75%	25%
<b>Hlutfall</b>	<b>53%</b>	<b>47%</b>	<b>52%</b>	<b>48%</b>	<b>58%</b>	<b>42%</b>

Á Austfirðum er kynjahalli sitt á hvað meðal aðalfulltrúa og enn meiri í formennsk nefnda.

## Suðurland

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafultrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Ásahreppur	47%	53%	31%	69%	33%	67%
Bláskógabyggð	39%	61%	48%	52%	0%	100%
Flóahreppur	50%	50%	61%	39%	50%	50%
Grímsnes- og Grafningshreppur	44%	56%	48%	52%	63%	38%
Hrunamannahreppur	57%	43%	43%	57%	63%	38%
Hveragerðisbær	48%	52%	44%	56%	67%	33%
Mýrdalshreppur	46%	54%	52%	48%	33%	67%
Rangárþing eystra	48%	52%	52%	48%	50%	50%
Rangárþing ytra	39%	61%	47%	53%	71%	29%
Sveitarfélagið Hornafjörður	42%	58%	53%	47%	56%	44%
Skaftárhreppur	48%	52%	44%	56%	57%	43%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	65%	35%	60%	40%	43%	57%
Sveitarfélagið Árborg	54%	46%	54%	46%	67%	33%
Sveitarfélagið Ölfus	48%	52%	52%	48%	25%	75%
Vestmannaeyjabær	61%	39%	43%	57%	40%	60%
<b>Hlutfall</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>

Á Suðurlandi kemur meðaltalið vel út en kynjahallinn er talsvert mikill, sitt á hvað eftir sveitarfélögum.

## Suðurnes

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafulltrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Grindavík	52%	48%	58%	42%	57%	43%
Vogar	65%	35%	65%	35%	75%	25%
Reykjanesbær	50%	50%	45%	55%	50%	50%
Suðurnesjabær	38%	63%	50%	50%	100%	0%
<b>Hlutfall</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>54%</b>	<b>46%</b>	<b>71%</b>	<b>29%</b>

Hið nýja sveitarfélag Suðurnesjabær er með fáar nefndir á bakvið þessar tölur, en athygli vekur að fleiri konur eru aðalfulltrúar en engin kona nefndarformaður.

## Höfuðborgarsvæði

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar		Varafulltrúar		Formaður	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Reykjavík	36%	64%	29%	71%	29%	71%
Kópavogur	58%	42%	43%	57%	67%	33%
Seltjarnarnes	49%	51%	46%	54%	44%	56%
Garðabær	53%	47%	53%	47%	60%	40%
Hafnarfjörður	52%	48%	44%	56%	50%	50%
Mosfellsbær	49%	51%	43%	57%	73%	27%
Kjósarhreppur	45%	55%	80%	20%	33%	67%
<b>Hlutfall</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>

Reykjavík er með mikinn kynjahalla, þar eru konur í miklum meirihluta. Kópavogur er einnig með kynjahalla, en þar eru karlar í meirihluta.



## ***Niðurstöður:***

Jafnréttisstofa áréttar að meginreglan í 1. mgr. 15. gr. er alveg skýr. Mikilvægt er að skoða hverja tilnefningu fyrir sig og ganga úr skugga um að fullreynt sé að skipa í nefndina í samræmi við umrædda 15. grein áður en nefnd er skipuð án þessa að uppfylla kynjakvótann.

Jafnréttisstofa brýnir fyrir öllum sveitarfélögum að tilnefna og skipa í nefndir í samræmi við ákvæði 15. gr. jafnréttislaga<sup>1</sup> og vinna þannig í samræmi við markmið jafnréttislaga um „að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins“, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Verulegu máli skiptir að þau sem óska eftir tilnefningum og raða í nefndir innan stjórnsýslunnar séu meðvituð um markmið jafnréttislaga.

---

<sup>1</sup> Lög nr. 10/2008 sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>